

**192. fundur hafnarstjórnar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 7. júlí 2017 og hófst hann kl. 12:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristján Andri Guðjónsson formaður, Daníel Jakobsson aðalmaður, Hafdís Gunnarsdóttir aðalmaður, Marzellíus Sveinbjörnsson áheyrnarfulltrúi og Valur Sæþór Valgeirsson varamaður.

**Embættismenn:**

Guðmundur M Kristjánsson, hafnarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Löndun á steypuefni á Þingeyri - 2017060066**

Lagt fram bréf Sigríðar Laufeyjar Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra Kubbs ehf., dagsett 26. júní 2017, þar sem óskað er eftir því að fá að landa steypuefni á Þingeyri vegna gangagerðar í Dýrafjarðargöngum.

*Hafnarstjórn gerir ekki athugasemd við uppskipun efnis, hinsvegar er staðsetning 2 hafnað, og vísar erindi til skipulags- og mannvirkjanefndar og tæknideildar fyrir nánari staðsetningu efnis.*

**2. Niðurlagning Fjallaskagavita - 2017070020**

Lagt fram bréf frá Vegagerð ríkisins dagsett 5. júlí 2017 þar sem óskað er umsagnar um fyrirætlanir um að leggja niður Fjallaskagavita og afskrá úr Vitaskrá.

*Hafnarstjórn gerir kröfur um góðan frágang vegna niðurrifs.*

**3. Sundabakki - framkvæmdir - 2016090029**

Lagt fram minnisblað Sigurðs Áss Grétarssonar og Bjarka Ómarssonar hjá Vegagerð ríkisins, dagsett 20. júní 2017, þar sem lagt er mat á kostnað við lengingu Sundabakka um 300 metra og tengdar framkvæmdir.

*Lagt fram til kynningar.*

**4. Sig á hafnarkanti á Flateyri - 2017070024**

Lagt fram minnisblað Sigurðar Áss Grétarssonar og Bjarka Ómarssonar frá Vegagerð ríkisins varðandi sig á hafnarkanti á Flateyri.

*Hafnarstjórn telur að Vegagerð Ríkisins eigi að bera kostnað af umræddri framkvæmd, þar sem sig má rekja til hönnunargalla framkvæmdar, með vísan í minnisblað Sigurðar Áss Grétarssonar dags.05.07.2017.*

**5. Hafnasamband Íslands - Ýmis erindi og fundargerðir 2017-1018 - 2017020060**

Lögð fram fundargerð 395. stjórnarfundar Hafnasambands Íslands.

*Lagt fram til kynningar.*

**6. Hafnasamband Íslands - Ýmis erindi og fundargerðir 2017-1018 - 2017020060**

Lögð fram drög að áskorun um bann gegn svartolíu. Drögin, sem eru ódagsett, voru send Hafnasambandi Íslands sem beðið var um að koma þeim áleiðis til hafna landsins.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:30**

---

Kristján Andri Guðjónsson

---

Daníel Jakobsson

---

Hafdís Gunnarsdóttir

---

Marzellíus Sveinbjörnsson

---

Valur Sæþór Valgeirsson

---

Axel Rodriguez Överby

---

Guðmundur M Kristjánsson